



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. september 2006
Tilvísun: 2006090028
Bréfalykill: 22.2

Efni: Tillaga að matsáætlun fyrir jarðgufuvirkjun, allt að 135 MW-el. á Ölkelduhálssvæði, Grímsnes- og Grafningshreppi og Sveitarfélaginu Ölfusi.

Með bréfi dags 11. september óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn um ofangreint málefni, skv. 2. mgr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Með bréfi 31. júlí sl. óskaði ráðgjafi framkvæmdaaðila eftir athugasemdum við drög að matsáætlun, og eru athugasemdir Orkustofnunar tíundaðar í framlagðri matsáætlun (bls. 28). Orkustofnun gerir ekki athugasemd við matsáætlun en bendir þó á eftirfarandi:

Meðal þátta sem Orkustofnun mun þurfa að fara ítarlega yfir þegar matsskýrslan kemur til umsagnar varða grunnvatn, bæði notkun þess vegna framkvæmdar og áhrif á hugsanleg not annarra. Grunnvatnslíkan Vatnaskila (2006) er helsta heimild framkvæmdaaðila um þá þætti. Það er sagt uppfært árlega en skýrslan sem vitnað er til í heimildaskrá er frá 2003. Nauðsynlegt er að gera nýjustu uppfærslu aðgengilega með einhverjum hætti, og ennfremur er því beint til framkvæmdaaðila að á einu korti tengdu framsetningu líkansins komi skýrt fram hvar mælingar liggja fyrir, bæði á grunnvatnsborði og afrennsli.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir